

5. gr.

Síðasta mgr. 51. gr. orðist svo:

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í stofnun þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri, allt að því sem á vantar. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% grunnlífeyris og tekjutryggingar.

6. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins
í Siglufirði.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutafélaginu Sigló hf., Siglufirði, lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði, Lagmetisiðjuna Siglósíld.

2. gr.

Heimilt er að lána kaupanda allt söluandvirði lagmetisiðjunnar með verðtryggðum kjörum til allt að 10 ára gegn þeim tryggingum sem ráðherra metur gildar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46 19. maí 1972, um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.